

Iðnaðarráðuneyti  
Kristján Skarphéðinsson  
Lindargötu Arnarhvoli  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20110800131/akó

### Umsögn Umhverfisstofnunar um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða

1. Með bréfi frá iðnaðarráðuneyti dags. 19. ágúst 2011 var óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Þess ber fyrst að geta að þar sem forstjóri og ýmsir aðrir starfsmenn Umhverfisstofnunar komu að starfi rammaáætlunar með margvíslegum hætti, sátu m.a. í verkefnisstjórn, telur Umhverfisstofnun ekki viðeigandi að tjá sig um efnispætti tillögunnar, en leggur áherslu á að reynt verði að skapa sem mest jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða varðandi verndun og nýtingu, með sjálfbæra þróun íslensks samfélags og virðingu fyrir íslenskri náttúru að leiðarljósi.

2. Umhverfisstofnun fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða, sem lögð var fram á Alþingi í samræmi við lög nr. 40/2011, og gerir ráð fyrir að ríkisstjórn verði falið að vinna að framkvæmd þeirrar áætlunar sem þar kemur fram. Umhverfisstofnun telur að um tímamótaskjal sé að ræða en markmið þess er að „ tryggja að nýting landssvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildi náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo sem hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi." Þá er þar tekið fram að í verndar- og orkunýtingaráætlun skuli „ . . . lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landssvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar."

2. Umhverfisstofnun lýsir mikilli ánægju sinni með þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð, þar sem langtímasjónarmið, heildstætt mat, og samhæfing áætlana er höfð að leiðarljósi. Er löngu orðið tímabært að slík vinna færi fram í því viðkvæma og umdeilda máli er varðar nýtingu íslenskrar náttúru og leitast við að ná sem mestri sátt um það á grundvelli faglegra vinnubragða. Það er von stofnunarinnar að þau vinnubrögð verði íslenskum stjórnvöldum, fyrirtækjum og öðrum aðilum fyrirmynd og eðlislægur framkvæmdamáti til framtíðar á öllum sviðum stefnumótunar.

3. Þá ber þess sérstaklega að fagna að í þingsályktunartillögum og því yfirgripsmikla undirbúningsstarfi sem fram fór í aðdraganda hennar felst viðurkenning á því að náttúruvernd er ein tegund landnýtingar og tegund sem getur verið engu síður arðsöm en annars konar landnýting. Augljós áherslubreyting hefur orðið frá 1. áfanga rammaáætlunar þar sem nú er bæði fjallað um vernd og nýtingu en ekki einungis nýtingu. Sömuleiðis er talað um náttúrusvæði en ekki bara virkjunarhugmyndir. Endurspeglast þessi áherslubreyting m.a. í formlegu heiti áætlunarinnar sem varð „Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.“

4. Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að í upphafi beindi ráðherra því sérstaklega til verkefnisstjórnar „að hún semdi, í samráði við sérfræðinga á þessu sviði, drög að reglum um framkvæmdir á háhitasvæðum. Í þeirri vinnu skal hafa það að markmiði að reglurnar tryggji lágmörkun umhverfisáhrifa við framkvæmdir á háhitasvæðum. Einnig að verkefnisstjórn semdi „drög að reglum er hafi það að markmiði að tryggja sjálfbæra nýtingu jarðvarma og skyldi í því starfi taka tillit til viðeigandi alþjóðasamninga og yfirlýsinga sem Ísland á aðild að, m.a. Ríó-yfirlýsingarinnar og meginreglna umhverfisréttar. Allt er þetta til mikilla bóta fyrir vernd íslenskrar náttúru.“

Virðingarfyllst

Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

Anna Kr. Ólafsdóttir

Anna Kristín Ólafsdóttir  
Sérfræðingur